



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

AÐALNÁMSKRÁ LEIKSKÓLA 2011

(4. – 14. kafli)

Pólsk þýðing með athugasemdum

Ritgerð til BA -prófs

Grzegorz Ryszard Chaberka

Maí 2013

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Íslenska sem annað mál

AÐALNÁMSKRÁ LEIKSKÓLA 2011

(4. – 14. kafli)

Pólsk þýðing með athugasemdum

Ritgerð til BA -prófs í Íslensku sem öðru máli

Grzegorz Ryszard Chaberka

Kt.: 1403832959

Leiðbeinandi: Þóra Björk Hjartardóttir

Maí 2013

Ágrip

Þessi B.A. ritgerð er þýðing á *Aðalnámskrá leikskóla 2011* úr íslensku á pólsku. Í inngangi er fjallað um ástæðuna fyrir því að þetta þýðingarverkefni var valið og markmið ritgerðarinnar. Fjallað er því næst um verkið sem verið er að þýða. Einnig er fjallað um þýðingarhugtök nytjatextanna og farið er yfir nokkrar þýðingafærðir. Síðan er rætt um þá aðferð sem er notuð í þessari þýðingu. Tekin eru dæmi um það hvernig samsett orð eru þýdd og hvernig einstök orð með tvíræða merkingu eru þýdd og löguð að pólsku. Í öðrum hluta ritgerðarinnar er birt þýðing úr *Aðalnámskrá leikskóla 2011*.

EFNISYFIRLIT

I. hluti

1. KAFLI: INNGANGUR	1
2. KAFLI: UM AÐALNÁMSKRÁ LEIKSKÓLA 2011	2
3. KAFLI: UM ÞÝÐINGAR NYTJATEXTA	4
3.1 Inngangur	4
3.2 Nokkuð orð um þýðingarferli	7
3.3 Þýðingaraðferðir	7
3.4 Jafngildi	8
3.5 Samantekt	8
4. KAFLI: GREINING ÞÝÐINGAR	9
4.1 Inngangur	9
4.2 Þýðingarferlið	9
4.3 Hjálpargögn	9
4.4 Vandamál í þýðingu	10
4.4.1 Margræð orð	10
4.4.2 Samsett orð	11
4.4.3 Endurtekningar orða	13
4.4.4 Greinir	14
4.4.5 Menningarmunur	15
4.4.6 Önnur vandamál	15
4.5 Samantekt	18
5. KAFLI: LOKAORÐ	18
HEIMILDASKRÁ	20

II. hluti

ÞÝÐING

I hluti

1. Inngangur

Í eftirfarandi ritgerð mun ég þýða verkið *Aðalnámskrá leikskóla 2011* yfir á pólsku (4.-14. kafla). Segja má að aðalnámskrá sé samningur þjóðarinnar við sjálfa sig um menntamál. Samkvæmt Hagstofu Íslands í mars 2013 (Hagstofa Íslands 2013) bjuggu á Íslandi 25.926 útlendingar sem er 8,1% af þjóðinni. 9.371 af þeim eru frá Póllandi og það þýðir að Pólverjar eru langfjölmennasti hópur innflytjenda hér á landi. Þess vegna finnst mér mikilvægt að þýða fyrir þá upplýsandi texta eins og þennan til að hjálpa þeim að skilja íslenskt þjóðfélag og taka virkan þátt í daglegu lífi.

Ég ákvað að þýða þennan texta á pólsku af því að sem kennari að starfi hef ég mikinn áhuga á kennsluaðferðum. Ég byrjaði að vinna á leikskóla á Íslandi fyrir fimm árum og strax frá byrjun las ég mikið um almenna menntun hér á landi. Það var því nærtækt fyrir mig að þýða yfir á pólsku *Aðalnámskrá leikskóla 2011* þegar ég byrjaði að hugsa um B.A.- ritgerð mína af því námskráin er mjög tengd áhugasviði mínu. Enn fremur sem kennari í leikskóla hef ég tekið eftir að sumir pólskir foreldrar sem eru nýlega komnir og eiga barn í leikskólanum eru fáfróðir um menntun barnanna sinna. Athuganir mínar staðfesta rannsóknir Háskóla Íslands um samstarf og samskipti heimila og leikskóla með áherslu á erlendar fjölskyldur (sjá Þorbjörgu Margræti Guðnadóttur 2008). Munur á milli leikskólakerfis á Íslandi og í Póllandi er talsverður. Markmið mitt er að hjálpa foreldrum pólskra barna að skilja betur hlutverk leikskóla í menntunarkerfinu. Ég vona að verk mitt verði brú á milli landanna. Þessi þýðing getur einnig verið gagnleg fyrir alla sem eiga pólsku að móðurmáli og hafa áhuga á menntun á Íslandi eða Norðurlöndum. Það eru einnig margir Pólverjar sem vinna á leikskóla hér á landi. Þeir geta einnig notað þetta verk eins og hjálpargagn í daglegri vinnu.

Þessari ritgerð er skipt í tvo meginhluta. Fyrri hlutinn er fræðileg umræða um þýðingarfræði og helstu vandamálín við að þýða úr öðru tungumáli. Seinni hlutinn er þýðing 4.-14. kafla *Aðalnámskrár leikskóla 2011*.

Fyrri hluti ritgerðarinnar skiptist í fimm kafla. Fyrst er inngangur þar sem fjallað er um tilganginn með þýðingunni og kynnt er efnisskipan ritgerðarinnar. Í öðrum kafla er fjallað um verkið sem er verið að þýða: Um hvað námskrá er og greint frá efnisskipan hennar: höfundu, markhópi, tilgangi og stíl textans. Í þriðja kafla er fjallað um þýðingar nytjatexta almennt á fræðilegan hátt. Í fjórða kafla er fræðileg greinargerð um helstu vandamál sem komu upp við þýðinguna, svo sem margræð orð og endurtekningar orða. Í fimmta kafla eru lokaorð þar sem allt efnið er tekið saman.

2. Um Aðalnámskrá leikskóla 2011

Í anda íslenskra laga, reglugerða og alþjóðasamninga hefur mótast hefð og aðbúnaður fyrir námi og kennslu í leikskólum og um þessa hefð má lesa um í *Aðalnámskrá leikskóla 2011*. Aðalnámskráin er í staðinn fyrir reglugerð og í henni er fjallað um hlutverk leikskóla landsins sem byggir á settum lögum sem snerta starfsemi hans. Hún byggir á sex meginstoðum sem eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Þessir þættir eiga að vera rauði þráðurinn í öllu skólastarfi (*Aðalnámskrá leikskóla 2011 2012:5*). Höfundur texta er ókunnur. Aðalnámskrá leikskóla er gefin út af menntamálaráðuneytinu.

Umboðsmaður barna segir: „Námskráin er leiðarvísir fyrir alla sem vinna að uppeldi og menntun barna í leikskólum auk þess að vera upplýsandi fyrir foreldra og forráðamenn um hlutverk og starfsemi leikskóla. Aðalhlutverk þessa námskrár er að hafa farsæl áhrif á skólustarf í landinu á tímum endurreisnar samfélagsins og hvetja starfsfólk skóla, foreldra, forráðamenn og nemendur til að kynna sér vel efni námskrárinnar og starfa í anda hennar. *Aðalnámskrá leikskóla 2011* er undirstaða fyrir skólanámskrá sem er nánari útfærsla á aðalnámskránni og felur í sér uppeldis- og námsáætlun leikskóla þar sem markmið eru sett og skilgreindar leiðir að þeim markmiðum“ (Umboðsmaður barna 2013).

Þessi texti er upplýsandi texti og hlutverk hans er að miðla upplýsingum um menntakerfið á Íslandi. Upplýsandi texti er rökfræðilegur og samskiptahlutverk hans er að lýsa staðreyndum (Ingo 2011:56). Ritstíll verksins er mjög formlegur og ber þess merki að bókin hafi verið skrifuð sérstaklega fyrir fólk sem hefur áhuga á menntamálum á Íslandi.

Aðalnámskrá leikskóla inniheldur fjórtán kafla. Ég þýði ekki fyrstu þrjá kaflana sem eru almenns eðlis:

1. Hlutverk aðalnámskrár
2. Almenn menntun
3. Mat og eftirlit

Ég þýði frá 4. kafla til loka verksins því að þessir kaflar fjalla sérstaklega um hlutverk leikskóla í menntunarkerfinu. Þessir kaflar eru eftirfarandi:

4. Hlutverk leikskóla
5. Leiðarljós leikskóla
6. Lýðræði og jafnrétti í leikskólustarfi
7. Leikur og nám

8. Námsumhverfi
9. Samþætt og skapandi leikskólastarf
10. Mat á námi og velferð barna
11. Fjölskyldan og leikskólinn
12. Tengsl skólastiga
13. Starfsáætlun
14. Mat á leikskólastarfi

Ég vona að þýðingin muni koma pólskum lesendum til góðs og að þeir muni njóta lestursins.

3. Um þýðingar nytjatexta

3.1 Inngangur

Í þessum kafla fjalla ég um þýðingar almennt og einkum um þýðinga nytjatexta. Ég geri grein fyrir þýðingafæri í kafla 3.2. Í kafla 3.3 verður fjallað um þýðingaraðferðir og muninn á þeim. Í kafla 3.4 er sagt frá um jafngildi texta. Í lokin tek ég saman allt sem fjallað var um.

3.2 Nokkuð orð um þýðingarferli

Samkvæmt *Íslenskri orðabók* (2007) merkir sögnin *að þýða* að snúa texta af einni tungu á aðra. Með öðrum orðum er þetta `útlekking`, það að þýða úr einu máli á annað, það sem hefur verið þýtt. Þýðandi breytir rituðum texta úr frummáli í ritaðan texta á öðru máli.

Ferli þýðingar á milla tveggja ólíkra tungumála fela í sér breytingu upprunalegs texta (e. source text eða ST) á upprunalegu frummáli (e. source language eða SL) yfir í marktenta (e. target text eða TT) á markmáli (e. target language eða TL) (Munday 2008:5). Með hjálp töflu getum við sýnt þetta svona:

(1)	frumtexti	→	þýðing (ferli)	→	þýðingartexti (þt)
	frummál	→	þýðing (ferli)	→	þýðingarmál (þm)

Til dæmis þegar ég þýði úr íslensku yfir á pólsku er upprunalegur texti íslenska og marktenti er pólska. Þetta miðast við *þýðingu milli sem* er einn af þrem flokkum þýðinganna sem Roman Jakobson (1959) hefur skilgreint. Hann flokkar þýðingar í þrjár tegundir á þessa leið (sjá Ástráð Eysteinnsson 1996:27-28):

- (2) a) Þýðing innan tungumálsins (*intralingual translation*), þ.e. tiltekin boð eru endurflutt í sama málkerfi.
- b) Þýðing milli tungumála (*interlingual translation*), þ.e. flutningur merkingar af einu tungumáli á annað.
- c) Þýðing milli táknerfa (*intersemiotic translation*), þ.e. tiltekin boð eru endurflutt með öðrum tákniðli.

Í mínu tilfelli tölum við um þýðingu milli tungumála. Fyrir vikið erum við með eiginlega þýðingu. Afleiðing þýðingar innan tungumálsins verður umorðun og milli táknerfa umhverfing.

Þýðandi breytir rituðum texta úr frummáli í ritaðan texta á öðru máli. Jeremy Munday (2008:8) segir í samræmi við kenningu Roman Jacobson:

The process of translation between two written languages involves the translator changing an original written text in the original verbal language into a written text in a different verbal language.

Samkvæmt Katharina Reiss (sjá Pym 2010: 47) er texti athöfn sem einhver framkvæmir með ákveðinn tilgang í huga. Með þessari athöfn er miðað að því að búa til samskipti milli textaframleiðanda og textaviðtakanda. Textinn hefur ákveðið hlutverk, jafnvel fleiri en eitt. Meginverkefni þýðandans er að ákveða markmið textans. Til þess þarf hann að gera sér grein fyrir væntingum hugsanlegra viðtakenda. Reiss hefur ályktað að ólíkir textar þurfa ýmsar aðferðir við þýðingar.

Reiss ásamt Hans Vermeer (sjá Munday 2008:72) eru höfundar kenningar sem heitir *Skoposkenning* (*skopos* (gríska): 'markmið', 'tilgangur'). Samkvæmt þeirri þýðingarkenningu þarf þýðandinn að einbeita sér að textategundinni og tilgangi hennar. Þeir segja vera þrjár textagerðir:

(3) a) Tjáningartexti (e. expressive).

Samskiptahlutverk þessara textanna er, eins og nafn gefur til kynna, tjáning og áhersla er lögð á formið. Markmið þeirra er að miðla formi og svið þeirra er fagurfræðilegt.

b) Virkandi texti (e. operative).

Samskiptahlutverk þessara textanna er ákall og áherla lögð á áhrif/ skírskotun.

Markmið þeirra er að kalla á viðbrögð.

c) Upplýsandi texti (e. informative).

Samskiptahlutverk þessara textanna er lýsing og áhersla lögð á innihaldið. Markmið þeirra er til að miðla efni.

Skoposkenningin tilgreinir að þýða þurfi meðvitað og stöðugt í samræmi við og af virðingu við marktenta. Kenningin segir ekki hver meginreglan er, það þarf að ákveða í hverju sérstöku tilfelli.

Jeremy Munday (2001:74) dregur saman kenningu Reiss á þennan hátt:

(4) Textagerð: upplýsandi

Tungumálahlutverk: upplýsandi (gefa til kynna hluti og staðreyndir)

Textavídd: rökrétt

Textaáhersla: innihald

Marktæxti á að vera: tilvísandi

Þýðingaraðferð: látlaust form, skilgreindur eftir þörfum

Í bókinni *Um þýðingar* (Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson 1988: 95) eru reglur um þýðingar á nytjatextum dregnar saman í fjórum punktum:

(5) a) Hafid það að markmiði að upplýsingar textans verði ljósar og þannig orðaðar að lesendur eigi ekki í neinum erfiðleikum með að skilja það sem sagt er.

b) Minnst þess að takmarkið hlýtur að vera að orða á íslensku það sem áður hefur verið sagt eða skrifað á öðru máli. Reglur heimamálsins verður að virða. Þetta leiðir oft til þess að eðlilegt sé að umorða textann, spyrja sig: „Hvernig er eðlilegast að segja á íslensku það sem verið er að fjalla um?“

c) Hafid hugfast að þýðanda nytjatexta leyfist að bæta inn skýringum ef hann á ekki annarra kosta vól. Íslenskir lesendur hafa stundum annan bakgrunn en hinir erlendu og þurfa því skýringar sem ekki var þörf á í frumtexta. Þetta getur reyndar líka verið öfugt, þannig að fella megi úr sjálfsgöða hluti. Þar verður þó auðvitað að gæta hófs.

d) Þýðandi fræðilegs texta þarf að ihuga vel hvort og hvenær er þörf á að nota fræðileg orð um þau og hann ætti að kynna sér hvort til er íorðaskrá í greininni.

Samkvæmt Heimi Pálssyni og Höskuldi Þráinssyni (1988:78) er fyrst og fremst nauðsynlegt að skilja hvort texti er upplýsandi texti eða bókmenntatexti því það ræður því hvaða aðferð nota skal í þýðingunni. Höskuldur og Heimir segja:

[þegar] um nytjatexta að ræða er hins vegar yfirleitt brýnast að efnið komist til skila á eðlilegu og skiljanlegu máli, að þýðingin sé efnisrétt.

Ég reyndi að nota þessar aðferð í þýðingu minni.

3.3. Þýðingaraðferðir

Samkvæmt Newmark (1988:45) getum við raðað upp þýðingaraðferðum eftir mikilvægi (sjá Jón G. Friðjónsson 2008:13):

(6) Áhersla lögð á frummálið (SL)	Áhersla lögð á þýðingarmálið (TL)
frá orði til orðs (e. word-for-word)	aðlögun (e. adaptation)
orðrétt þýðing (e. literal)	frjáls þýðing (e. free)
nákvæm þýðing (e. faithful)	eðlileg þýðing (e. idiomatic ('natural'))
þýðing á grundvelli merkingar (e. semantic)	þýðing á grundvelli tjáningar (e. communicative)

Með aðferðinni *frá orði til orðs* er orðaröð frummálsins ekki breytt og orðin eru þýdd í réttu samhengi. Í *orðréttri þýðingu* eru einstök orð þýdd beint en málfræðilegum atriðum breytt til samræmis við þarfir viðtökumálsins. *Nákvæm þýðing* reynir að varðveita nákvæma merkingu og samhengi frumtextans, notar reglur viðtökumálsins eins mikið og hægt er. Menningarorð frumtexta er hægt að þýða beint heldur þarf að umorða svo að merking orðsins og tilvísun skili sér í viðtökumálinu. *Þýðing á grundvelli merkingar* varðveitir fagurfræði frumtextans. Tekið er meira tillit til fagurfræði viðtökumálsins, sum mikilvæg menningarorð þarf ekki að þýða með tilliti til þess að þau samsvara viðtökumálinu algjörlega heldur frekar með menningarlega hlutlausum orðum. *Aðlögun* er frjálsasta form þýðinga og er notað þegar það er ekki hægt að þýða vegna bundins máls. Notuð í leikritum (textinn er fluttur til menningarumhverfis viðtökumálsins) og í ljóðum (erfitt að þýða rím eða hrynjandi og varðveita orðréttu merkingu). Í *frjálsri þýðingu* er ekki megináherslan lögð á merkingu frumtextans heldur á stíl hans. Við tölum meira um umorðun en þýðingu. *Eðlileg þýðing* notar orðasambönd og orðatiltæki viðtökumálsins sem eru ekki til í frummáli. *Þýðing á grundvelli*

tjáningar reynir að varðveita nákvæmt samhengi frumtextans svo að þýðingin sé jafnframt eðlileg í viðtökumáli.

3.4. Jafngildi

Hugtakið *jafngildi* (e. equivalence) er eitt af mikilvægum grundvallarhugtökum þýðingarfræðinnar. Samkvæmt Eugene Nida, sem er bandarískur málfræðingur og þýðingafræðingur, er þýðandinn staddur á milli tveggja málsamfélaga: frummmálsins og viðtökumálsins (sjá Ástarð Eysteinnsson 1996: 90). Nida segir að það séu tvenns konar jafngildi: formlegt jafngildi (e. formal equivalence) og áhrifajafngildi (e. dynamic equivalence). Með formlegu jafngildi er megináhersla lögð á trúnað við frumtextann fremur en á eðlilega setningarbyggingu í viðtökumálinu. Með áhrifajafngildi er viðtakandinn því í aðalhlutverkinu. Með áhrifajafngildis þýðingu er reynt að ná fram áhrifum á lesandann sem jafngildi þeim áhrifum sem frumtextinn hefur á sína lesendur.

3.5. Samantekt

Í þessum kafla fjallaði ég um þýðingar almennt og um þýðingu nytjatexta. Einnig komu fram skoðanir þýðingafræðinga og nokkrar leiðir til að flokka texta. Í næsta kafla ræði ég um þýðinguna mína – um aðferðir sem ég notaði í þýðingunni og vandamál sem komu upp.

4. Greining þýðingar

4.1 Inngangur

Í eftirfarandi kafla er fjallað um þýðingu úr íslensku yfir á pólsku og þá erfiðleika sem ég hef mætt á meðan á þýðingunni stóð. Í kafla 4.2 fjalla ég um þýðingafærli mitt og um þýðingaraðferðir sem ég notaði. Í kafla 4.3 kynni ég hjálpargögn sem ég notaði í þýðingunni og ræði stuttlega um kosti og galla notkunar þeirra. Í kafla 4.4 koma fram ýmis vandamál í þýðingunni. Stutt samantekt er svo í 4.5.

4.2 Þýðingafærlið

Þrátt fyrir að ég væri vel kunnur efni textans (sjá 1. kafla), var þessi þýðing mikil áskorun fyrir mig. Frumtextinn er skrifaður sem opinbert mál og krefst frá mér mikillar athygli og mikillar einbeiti í þýðingu.

Upplýsandi textar eru skrifaðir samkvæmt sömu málvenjum, reglum, formum og stíl bæði á pólsku og íslensku. Ég ákvað að lesa *Aðalnámskrá leikskóla 2011* aftur vandlega nokkrum sinnum. Síðar las ég *Aðalnámskrá leikskóla* sem birtist á vefsíðu pólska Mennta- og menningarmálaráðuneytis (Ministerstwo Edukacji Narodowej). Þannig gæti ég aðlagð íslenskan texta að pólsku orðalagi í þessum efnum. Þýðingaraðferð sem ég notaði var fyrst og fremst *nákvæm þýðing*. Að mínu mati er þessi þýðingaraðferð, sbr. kafla 3.3, besta aðferðin fyrir þýðinguna mína af því að ég reyndi að varðveita nákvæma merkingu og samhengi frumtextans og nota reglur viðtökumáls eins mikið og hægt er. Ef í sumum setningum var ekki hægt að nota reglur viðtökumáls notaði ég *orðréttu þýðingu* og breytti málfæðilegum atriðum til samræmis við þarfir viðtökumálsins. Í sérstökum tilvikum notaði ég í setningunni aðferðina *frá orði til orðs*. Þessi þýðingaraðferð var undirstaða þess að skilja megí erfiðar setningar og vinna við þær á eftir með reglum nákvæmrar þýðingar.

Til að draga saman þá var aðalþýðingaraðferðin sem ég notaði nákvæm þýðing. Munur á uppbyggingu texta í *Aðalnámskrá leikskóla* á pólsku og íslensku er smávægilegur þrátt fyrir ólík tungumál og þess vegna varðveiti ég mikið úr frumtexta.

4.3 Hjálpargögn

Það eru ekki til góð hjálpargögn fyrir pólska þýðendur. Ein orðabók eftir Stanisław Bartoszek (2006) sem er til getur verið gagnleg fyrir byrjendur. Hún inniheldur aðeins tíu þúsund undirstöðuorð sem var ekki nóg fyrir þennan nytjatexta sem ég þýddi. Þess vegna leitaði ég stundum að orði í íslenskri- enskri orðabók og svo í enskri- pólskri orðabók. Ég notaði

Ordabók.is (www.ordabok.is) til að þýða úr íslensku yfir á pólsku og *Ling.pl* (www.ling.pl) til að þýða úr ensku yfir á pólsku. Það geta verið gallar í slíkri þýðingaraðferð en samt var ég nauðbeygður til að vinna á þennan hátt vegna skorts á góðum pólskum orðabókum. Þetta var tvöföld vinna fyrir mig sem getur verið varasamt. Enska er ekki móðurmál mitt og þýðing úr ensku yfir á pólsku gæti verið ruglandi. Ég vona að þýðingaraðferðirnar sem ég notaði og nákvæmur lestur *Aðalnámskrá leikskóla 2011* hafi komið í veg fyrir þýðingarvillur í þýðingunni.

4.4. Vandamál í þýðingu

4.4.1 Margræð orð

Mesta áskorunin fyrir mig í þýðingu *Aðalnámskra leikskóla 2011* var að finna viðeigandi orð í markmáli því að sum orðin hafa margar mismunandi merkingar á pólsku og stundum er ekki til samsvarandi orð á pólsku.

Dæmi um þetta er titill verksins *Aðalnámskra leikskóla 2011*. Orðið *námskrá* getur haft tvær merkingar á pólsku og í tilfelli þessara þýðingar í raun og veru hvoruga merkinguna. *Námskrá* getum við þýtt yfir á pólsku *program nauczania* en það þýðir nákvæmlega *áætlun* (það sem við ætlum að gera) fyrir hvern dag eða hverja viku, gerð og dreifing fræðsluefnisins. Samkvæmt þessum skilningi á pólsku á orðinu *námskrá* þýðir það ekki það sama og á íslensku. Á íslensku er *námskrá* almennara hugtak en á pólsku. Þess vegna mega lesendur á pólsku búast við einhverju öðru en titillinn gefur til kynna. Ég notaði í titlinum orðið *wskazania* (ísl. *leiðbeiningar*) *programowe* (ísl. *áætlun*) sem hefur víðtækari merkingu og mér finnst henta betur. Annað vandamál í þýðingu titils var forskeytið *aðal-* sem þýðir á pólsku *glówny* (ísl. *aðal-*) og passar alls ekki hér. Orð sem passar hér betur er *krajowy* (ísl. *þjóðlegur*). Í stuttu máli getur námskrá á pólsku ekki verið *aðal-* heldur er hún *þjóðleg* af því að hún varðar börn (sem eru þjóð). Skoðun mín er í sæmræmi við þýðingu vefsíðu Evrópusambandsins (Official website for the European Union) þar sem titillinn *Aðalnámskra leikskóla 2011* er þýdd á pólsku á sama hátt og ég þýddi:

- (7) a. **Aðalnámskrá** leikskóla 2011
- b. **Krajowe wskazania programowe** dla przedszkoli 2011
- c. 'Þjóðlegar **leiðbeiningar áætlun** fyrir leikskóla 2011'

4.4.2 Samsett orð

Það var erfitt fyrir mig að þýða þrjú samsett íslensk orð yfir á pólsku: *leikskólastarf*, *leiðarljós* og *vistspor*.

Samsetta orðið *leikskólastarf* get ég ekki þýtt beint yfir á pólsku af því að orðið *starf* (pl. *praca*, ísl. *vinna*) vísar ekki til barnanna eins og á íslensku (*starf*- þ.e. vinna með börnum). Á pólsku tölum við um athafnir barna í leikskóla en ekki um vinnu þeirra. Þess vegna notaði ég í þýðingunni samsett orð *leikskólathafnir* (pl. *przedszkolne aktywności*) í staðinn fyrir *leikskólastarf*, sem í bókastaflegri þýðingu á pólsku þýðir *przedszkolne prace*:

- (8) a. Aðalnámskránni er ætlað að vísa ólíkum hagsmunaaðilum í skólasamfélaginu veginn hvað varðar stefnu og hugmyndafræði **leikskólastarfs**. (bls. 29)
- b. *Krajowe wskazania programowe* odnoszą się do różnych zainteresowanych stron w społeczności szkolnej poprzez politykę i ideologię **aktywności przedszkolnych**.
- c. 'Aðalnámskrá leikskóla vísar til ólíkra hagsmunaaðila í skólasamfélaginu veginn hvað varðar stefnu og hugmyndafræði **leikskólaathafnanna**.'

Í setningunni „Sjónarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólastarfs er mikilvægur liður í því að hafa heildarsýn á velferð og vellíðan barna.“ var sama vandamál. Orðið *leikskólastarf* breyti ég í pólskri þýðingu í orðið *przedszkole* sem samsvarar íslensku orðinu *leikskóli* af því að í markmálinu skilar þetta orð rétttri merkingu. Markmið mitt var að endurtaka ekki orðið *leikskólastarf*:

- (9) a. Sjónarmið foreldra og framlag þeirra til **leikskólastarfs** er mikilvægur liður í því að hafa heildarsýn á velferð og vellíðan barna. (bls. 48)
- b. Nastawienie rodziców i ich współpraca z **przedszkolem** jest ważnym czynnikiem w kompleksowym przeglądzie opieki nad dzieckiem i jego nastrojem.
- c. 'Sjónarmið foreldra og framlag þeirra með **leikskóla** er mikilvægur liður í því að hafa heildarsýn á velferð og vellíðan barna.'

Annað samsett orð á íslensku sem er ekki til á pólsku og er oft notað í verkunum um menntun og nám á Íslandi er orðið *leiðarljós*. Samkvæmt *Ordabók.is* á ensku þýðir það: 'lodestar', 'loadstar', 'bonfire', 'beacon', 'guiding light'. Merking og notkun orðsins *leiðarljós* í þessum texta samsvara best merkingu enska orðsins 'guiding light'. Pólska orðið *światło przewodnie* (e. *guiding light*) passar ekki í þessari þýðingu. Ennfremur auðkennir myndhvörf merkingu textans sem við forðumst í nytjatexta á pólsku alltaf þegar hægt er. Sérhverja setningu með orðinu *leiðarljós* þurfti ég í raun og veru að íhuga sérstaklega til að finna besta jafngilda orðið.

Í fimmta kafla kemur orðið *leiðarljós* tvisvar. Fyrst í titlinum: „*Leiðarljós leikskóla*“ og svo í setningunni „*Efírfarandi leiðarljós eiga að vísa leikskólum veginn í mótun leikskólastarf*“. Í fyrsta tilfellinu notaði ég pólska orðið *wytyczne* (ísl. *viðmiðunarreglur*) og í öðru tilfelli notaði ég pólska orðið *wskazówki* (ísl. *viðmiðunarreglur, ráðleggingar*):

- (10) a. **Leiðarljós** leikskóla. (bls. 32)
 - b. **Wytyczne** dla przedszkoli
 - c. '**Viðmiðunarreglur** fyrir leikskóla'

- (11) a. Efírfarandi **leiðarljós** eiga að vísa leikskólum veginn í mótun leikskólastarf. (bls.32)
 - b. Poniższe **wskazówki** powinny być dla przedszkola wytycznymi na podstawie których kształtuje się jego działalność.
 - c. 'Eftírfarandi **viðmiðunarreglur** ætti að vísa fyrir leikskóla veginn í mótun leikskólastarf.'

Orðið *leiðarljós* birtist einnig í orðtakinu *hafa að leiðarljósi*. Samkvæmt *Íslensku samheitaorðabókinni* (2012) samheitin þessi þýðir *haga sér eftir*. Til að skilja þetta orðtak talaði ég við íslenska vini mína sem sögðu mér að þetta merkir 'langmikilvægastur' á ensku og á þennan hátt skrifaði ég þetta á pólsku:

- (12) a. Þegar börn hefja leikskólagöngu þurfa foreldrar og leikskóli að leggja grunn að samstarfi þar sem umhyggja og velferð barna er **höfð að leiðarljósi**. (bls. 48)

b. Kiedy uczeń przychodzi do placówki po raz pierwszy, rodzice i przedszkole kładą podwaliny na dalszą współpracę, gdzie troska o opiekę nad dzieckiem jest **najbardziej ważna**.

c. 'Þegar nemendi kemur í leikskóla í fyrsta sinn, foreldrar og leikskóli leggja grunn að samstarfi, þar sem umhyggja og velferð barna er **mikilvæg**.'

Mjög erfitt í þýðingu var samsetta orðið *vistspor*. Til að finna merkingu þess talaði ég við leibeinanda minn og leitaði á netinu einnig af þessu orði til að sjá í hvaða sambandi þetta orð er notað á vefsíðum. Að lokum ákvað ég að besta merkingin fyrir þetta orð á ensku sé 'ecological print' og ég þýddi þetta orð þannig yfir á pólsku:

- (13) a. (...) hvernig **vistspor** þeirra og nærsamfélags geta stuðlað að sjálfbærri þróun, (...) (bls. 44)
- b. (...) działaniem „**śladu ekologicznego**” na rzecz zrównoważonego rozwoju na niego i lokalną społeczność, (...)
- c. '(...) aðgerð á "**fótspor vistfræðileg** " um sjálfbæra þróun og samfélagið, (...)'

4.4.3 Endurtekningar orða

Annað vandamál sem ég þurfti að leysa af voru endurtekningar algengra orða í íslensku ritmáli sem telst vera alvarleg stílræn villa í pólsku ritmáli. Yfirleitt er ekki hægt að byrja tvær setningar hvora á eftir annarri á sama orði. Ennfremur er texti skrifaður rétt ef sömu orð eru ekki nálægt hvort öðru og notuð eru samheiti eins og til dæmis í eftirfarandi broti úr textanum:

- (14) a. **Leikskólastjóri** er faglegur leiðtogi og í forystu um þróun metnaðarfulls leikskólastarfs. **Hann** leiðir lýðræðislegt samstarf ólíkra hópa sem starfa innan leikskólans, stuðlar að jafnrétti og uppbyggilegum samskiptum með velferð barna að markmiði. **Leikskólastjóri** ber ábyrgð á að starf leikskólans sé metið reglulega með innra mati og að niðurstöður séu notaðar til úrbóta í þágu starfsins. **Honum** ber að sjá til þess að starfsfólk fái tækifæri til að bæta við þekkingu sína og vera í stöðugri starfsþróun. Það er hlutverk **leikskólastjóra** að sjá til þess að farið sé eftir

aðalnámskrá leikskóla og enn fremur lögum og reglugerðum sem snerta leikskólann.
(bls. 31)

b. **Dyrektor przedszkola** jest profesjonalnym liderem i przewodzi ambitnemu projektowi rozwoju przedszkolnych aktywności. Przewodzi **on** demokratycznej współpracy różnych grup znajdujących się w przedszkolu, wzmacnia równouprawnienie i konstruktywne współdziałanie, które ma na celu dobro dziecka. **Dyrektor** bierze odpowiedzialność za regularne ocenianie pracy zespołu przedszkolnego w ewaluacji wewnętrznej, której wyniki są wykorzystywane w celu ulepszenia pracy. **Zwierzchnik pracowników** powinien zapewnić im możliwości nieustannego doskonalenia zawodowego. **Dyrektor** gwarantuje, że program przedszkola jest zgodny z dyrektywami i prawem oświatowym na temat przedszkola, a także z Krajowym rejestrem programowym.

c. '**Leikskólastjóri** er faglegur leiðtogi og í forystu um þróun metnaðarfulls leikskólastarfs. Leiðir **hann** lýðræðislegt samstarf ólíkra hópa sem starfa innan leikskólans, stuðlar að jafnrétti og uppbyggilegum samskiptum með velferð barna að markmiði. **Stjóri** ber ábyrgð á að starf leikskólans sé metið reglulega með innra mati og að niðurstöður séu notaðar til úrbóta í þágu starfsins. **Yfirboðari starfsfólks** ber að sjá til þess að starfsfólk fái tækifæri til að bæta við þekkingu sína og vera í stöðugri starfsþróun. Það er hlutverk **stjóra** að sjá til þess að farið sé eftir aðalnámskrá leikskóla og enn fremur lögum og reglugerðum sem snerta leikskólann'.

Ég notaði þessa reglu alltaf í heilum textum þegar hægt var að finna samheiti. Sum orð birtast í íslenskum texta reglulega nálægt hvort öðru og höfundur notar aldrei samheiti sem ég gæti ekki notað í pólskri þýðingu. Gott dæmi er orðið *barn*. Í staðinn að skrifa alltaf *dziecko/ dzieci* (ísl. *barn/börn*) notaði ég einnig önnur orð eins og *przedszkolak* (ísl. *leikskólabarn*), *uczeń* (ísl. *nemendi*), *pociecha* (ísl. *krakki*).

4.4.4 Greinir

Í íslensku er til ákveðinn greinir sem er ekki til á pólsku. Ég hef sleppt öllum greinum, t.d. í þessari setningu:

(15) a. Leikskólinn er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegar menntunar einstaklinga. (bls. 32)

b. **Przedszkole** jest pierwszym etapem edukacji szkolnej i początkiem formalnej drogi kształcenia się człowieka.

c. 'Leikskóli er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegar menntunar einstaklinga.'

4.4.5 Menningarmunur

Í staðinn fyrir orðið *skólaskyldualdur* (sem er til á pólsku) ákvaði ég að breyta orðalagi til að leggja áhersla á hvaða ár íslensk börn geta verið í leikskóla af því að það er öðruvísi en í Póllandi og pólskir lesendur vita ekki endilega hvenær skólaskyldualdur hefst á Íslandi. Í staðinn fyrir orðið *wiek przedszkolny* (ísl. *skólaskyldualdur*) notaði ég í setningunni orðið „*w wieku od 1 do 6-ciu lat*“ (ísl. *frá eins til sex ára*) svo allir viti án efa á hvaða árum börn geta verið í leikskóla á Íslandi. Það er endilega ekki í öllum leikskólum á Íslandi að börn megi vera frá eins árs (í raun og veru er lágmarkið í flestum leikskólum 18 mánuðir) en samt ákvað ég að sýna mesta möguleikann (sömuleiðis einföldun) af því að ég þýddi *Aðalnámskrá leikskóla* sem er fyrir alla leikskóla á landinu:

(16) a. Leikskólinn er fyrir börn upp að **skólaskyldualdri** (bls. 29)

b. Przedszkole jest dla dzieci od **w wieku od 1 do 6-ciu lat**.

c. 'Leikskóli er fyrir börn **frá eins til sex ára**'.

4.4.6 Önnur vandamál

Í frumtexta var oft í sömu setningunni orð sem hafa mismunandi merkingu á íslensku og orð sem á pólsku er aðeins eitt sameiginlegt orð fyrir. Þetta hefur leitt til margra erfiðleika í þýðingunni sem þurfti að leysa.

Það var erfitt fyrir mig að finna mun á milli orðanna *samvinna* og *samstarf*. Orðið *samvinna* vísar til fólks og orðið *samstarf* vísar til starfsfólks. Munur á milli þessa orðanna á pólsku er ekki sýnilegur og í staðinn fyrir tvö orð á pólsku notaði ég eitt orð *współpraca* (ísl. *samvinna, samstarf*):

(17) a. Starfshættir leikskóla eiga að hvetja til **samvinnu og samstarfs** milli barna, starfsfólks, foreldra og nærsamfélags (bls. 33)

- b. Procedury przedszkolne powinny zachęcać do **współpracy** pomiędzy dziećmi, pracownikami i lokalną społecznością.
- c. 'Starfshættir leikskóla ætti að hvetja til **samvinnu** milli barna, starfsfólk, foreldra og nærsamfélags.'

Fyrir lesendur á markmáli er ekki munur á milli „efla málvitund“ og „þróa tungumál“. Á ensku er *málvitund* þýtt sem 'sense of the language' og *efla* er þýtt 'promote'. Bókstaflega er hægt að segja þetta á pólsku en í i setningu (18) hljómar þetta illa og er óljóst. Á pólsku er hægt að efla umhverfisvitund eða sjálfsmeðvitund en notum við ekki sögnina *að efla* í sambandi við málvitund. Fyrir pólskann mælanda „færð“ þú betri málvitund á hverjum degi þegar þú þróar tungumál þitt og þess vegna sleppti ég *að efla málvitund* í dæminu sem sýnt er í (18).

Við orðið *tungumál* bæti ég við í pólskri þýðingu orðinu *íslenska* af því að orðið *tungumál* sjálf þýðir bókstaflega á pólsku *tunga* og venjulega er bætt við lýsingaorði (*íslenska*) til að vera viss hvort við tölum um tungu eða tungumál (samt vitum við venjulega um hvað erum við af samhenginu).

(18) a. Í leikskóla á að nýta þau tækifæri sem gefast í daglegum samskiptum til **að efla íslenska málvitund** þar sem börn læra ný orð og hugtök og **þróa tungumálið**. (bls. 34)

b. Przedszkole powinno poprzez codzienne relacje zachęcać do **rozwijania języka islandzkiego**, dzięki uczeniu się nowych słów i konceptów. (þýðing bls. xx)

c. 'Leikskóli á að nýta þau tækifæri sem gefast í daglegum samskiptum til **að þróa íslenska tungumálið**, þar sem börn læra ný orð og hugtök.'

Erfitt fyrir mig var að finna einnig mun á milla orðanna *umhyggja* og *tillitsemi*. Samkvæmt *Orðabók.is* er merking orðsins *umhyggja* eru: 'concern', 'attention', 'solicitude', 'caring', 'affection' og merking orðs *tillitsemi* eru: 'consideration', 'concern', 'deference', 'respect'. Það var erfitt fyrir mig að velja rétta merkingu fyrir orðið *tillitsemi* til að leggja áherslu á muninn á milli þessara orða og vinur minn útskýrði fyrir mér merkingu orðsins *tillitsemi* á ensku og að það sé 'að hugsa um aðra' sem var mjög hjálplegt til að finna rétt orð

á pólsku. Ég ákvað að þýða þetta bókstaflega úr ensku *myślenie o innych* (ísl. 'að hugsa um annað fólk') sem mér finnst henta best hér og endurspeгла merkingu íslenska orðsins fullkomlega:

- (19) a. Í daglegu starfi leikskóla skal leggja áherslu á **umhyggju, tillitsemi** og samhjálp meðal allra í leikskólanum. (bls.36)
- b. W codziennej pracy przedszkola nacisk powinien być położony na **opiekę, myślenie o innych** i wzajemną pomoc pomiędzy wszystkimi w przedszkolu.
- c. 'Í daglegu starfi leikskóla skal leggja áherslu á **umhyggju, hugsun um annað fólk** og samhjálp meðal allra í leikskólanum.'

Önnur tvö orð sem hafa sömu merkingu á pólsku en ekki á íslensku eru orðin *margbreytilegt og mismunandi*. Enskt orð *miscellaneous* fyrir íslenska orðið *margbreytilegt* og ensk orð 'various', 'variable', 'unlike', 'divergent', 'differential', 'different' fyrir orðið *mismunandi* eiga eina merkingu á pólsku: *różnorodny* (ísl. *fjölbreyttur; margvíslegur; fjölbreytilegur*). Ég notaði þessa merkingu fyrir bæði orðin á íslensku:

- (20) a. Nærumhverfi leikskóla er **margbreytilegt og mismunandi** eftir staðsetningu leikskólans. (bls. 40)
- b. Najbliższe otoczenie przedszkola jest **różnorodne** w zależności od jego lokalizacji.
- c. 'Nærumhverfi leikskóla er **margbreytilegt** eftir staðsetningu leikskólans.'

Erfitt var einnig að finna á markmáli muninn á milli orðanna *hvetja* og *stuðla*. *Hvetja* á við um fólk en *stuðla* getur átt við um fleira t.d. umhverfi. *Hvetja* þýðir á íslensku að segja eitthvað við fólk sem fær það til að gera eitthvað og *stuðla* merkir að gera eitthvað til að eitthvað geti gerst. Þessi munur er einnig ekki sýnilegur á pólsku. Í sumum tilvikum er aðeins mögulegt að útskýra í heillri setningu við hvort orðið sé átt, *hvetja* eða *stuðla* en það var ekki nauðsynlegt í þessari þýðingu. Á pólsku notaði ég aðeins eitt orð: *zachęcać* (e. 'encourage', sem samkvæmt *Ordabók.is* þýðir á íslensku m.a. *hvetja* og *stuðla að*) og þetta orð er í þessum texta alveg skýrt fyrir pólskumælandi:

- (21) a. **hvetja** til samvinnu og samstarfs, (bls. 42)
- a1. **stuðla** að sjálfstæði og frumkvæði, (bls. 42)
- a2. **hvetja** til ímyndurnar og sköpunar, (bls. 42)
- b. **zachęcać** do pomocy i współpracy,
- b1. **zachęcać** do niepodległości i inicjatywy,
- b2. **zachęcać** do pobudzania wyobraźni i kreatywności,
- c. **'hvetja til/ stuðla** að samvinnu og samstarfs',
- c1. **'hvetja til/ stuðla** samvinnu og samstarfs',
- c2. **'hvetja til/ stuðla** að ímyndurnar og sköpunar',

4.5 Samantekt

Í þessum kafla sagði ég frá því hvaða þýðingaraðferð og hjálpargögn ég notaði þegar ég var að þýða. Síðan tala ég um vandamál í þýðingunni sem ég lenti í og hvernig ég fór því að leysa þau.

5. Lokaorð

Í þessum hluta ritgerðarinnar var rætt um þýðingar. Fyrsti kaflinn var inngangur þar sem ég fjallaði um *Aðalnámskrá leikskóla 2011* og hvers vegna ég valdi þetta verk sem þýðingarverkefni fyrir BA- próf.

Í öðrum kafla sagði ég frá hvað aðalhlutverk þessa námskrár er og fyrir hverja hún er skrifuð.

Í þriðja kafla ræddi ég um þýðingar nytjatexta, þýðingarferli og hvernig aðferð við getum notað í þýðingu nytjatexta. Í stuttu máli ræddi ég líka um mikilvægi hugtaksins *jafngildi*.

Fjórði kafli fjallaði um þýðingu mína á *Aðalnámskrá leikskóla 2011* og hvernig ég leysti verkið. Ég gerði grein fyrir þýðingaraðferðum og hjálpargögnum sem ég notaði við vinnu mína

Við þessa vinnu nýtti ég mér þá þekkingu sem ég hefði öðlast í námskeiði um þýðingarfræði. Ég skildi líka hvernig það getur verið erfitt að vera þýðandi. Það eru margar aðferðir við að þýða úr einu máli á annað til að koma textanum til skila og ákvörðun um notkun þeirra er erfið. Samt fannst mér það líka gefandi vinna að þýða þegar það sem þýtt þýðir er gagnast öðru fólki og getur gert lífið auðveldara (nytjatexti) eða ánægjulegra (bókmenntatexti).

Þetta verkefni var mjög lærdómsríkt. Það hjálpaði mér að auka orðaforða minn í íslensku sem tengist menntakerfinu o. fl. Ég lærði líka meira um íslenskt tungumál. Ég vona að þýðing mín stuðli að betri skilningi á íslenska menntakerfisins fyrir fólk sem hefur pólsku sem móðurmáli.

HEIMILDASKRÁ

- Aðalnámskrá leikskóla 2011*. 2012. Svansprent, Reykjavík.
- Ástráður Eysteinnsson. 1996. *Tvímæli*. Bókmenntafræðistofnun. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Bartoszek, Stanisław. 2006. Íslensk-pólsk pólsk-íslensk skólaorðabók. sjb, Reykjavík.
- Hagstofa Íslands. Sótt apríl 2013 af [http://www.hagstofa.is/Hagtalur/Mannfjoldi/Rikisfang- Faedingarland](http://www.hagstofa.is/Hagtalur/Mannfjoldi/Rikisfang-Faedingarland)
- Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson. 1988. *Um þýðingar*. Iðunn, Reykjavík.
- Ingo, Rune. 2011. *Frá frummáli til markmáls: þýðing á Frán kallspråk till málspråk*. María Bjarkadóttir þýddi. Háskóla Íslands, Reykjavík. MA ritgerð.
- Íslensk orðabók*. 2007. Ritstjóri: Mörður Árnason. Edda útgáfa hf., Reykjavík.
- Íslensk samheitaorðabók*. 2012. Forlagið, Reykjavík
- Jakobson, Roman. 2000. On Linguistic Aspects of Translation. Í: *The Translation Studies Reader*. Bls. 113-118. Lawrence Venuti bjó til prentunar. Routledge, London/New York.
- Jón G. Friðjónsson. 2008. *Þýðingar*. Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Ling.pl Największy darmowy słownik online. Partnerzy Ling.pl. Sótt október 2013 af <http://www.ling.pl/>
- Ordabok.is Nútímaleg ensk-íslensk og íslensk-ensk orðabók. Sótt október 2013 af <http://www.ordabok.is>
- Ministerstwo Edukacji Narodowej. Sótt apríl 2013 af http://www.men.gov.pl/index.php?option=com_content&view=category&layout=blog&id=254&Itemid=317
- Munday, Jeremy. 2008. *Introducing Translation Studies. Theories and Applications*. Second Edition. Routledge, London/New York.
- Newmark, Peter. 1988. *A Textbook of Translation*. Prentice Hall International (UK) Ltd, Hertfordshire.
- Nida, Eugene. A. 1962. *Morphology: The Descriptive Analysis of Words*. Michigan UP, United States of America.
- Official website of the European Union. Sótt apríl 2013 af http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice/documents/thematic_reports/130PL.pdf
- Pym, Anthony. 2010. *Exploring translation theories*. Routledge, New York
- Reiss, K. 1971/2000. *Möglichkeiten und Grenzen der Übersetzungskritik*, Munich: M.

Hueber, translated (2000) by Errol F. Rhodes as *Translation Criticism: The Potentials & Limitations*. St. Jerome Publishing, Manchester.

Umboðsmaður barna. Sótt apríl 2013 af

<http://www.barn.is/adalsida/malaflokkar/leikskolinn/#3>

Þorbjörg Margrét Guðnadóttir. 2008. *Leikskólinn í fjölmenningsarsamfélagi*. Háskólinn á Akureyri, Akureyri. Lokaverkefni til 90 eininga B.Ed.- prófs í kennaradeild.

II hluti

Krajowe wskazania programowe dla przedszkoli 2011

Ministerstwo Edukacji

4. Rola przedszkola w systemie edukacji.

Krajowe wskazania programowe dla przedszkoli kładą nacisk na docenianie wartości zabawy, ważność demokracji i równouprawnienie we wszystkich przedszkolnych aktywnościach. Określają wytyczne dla przedszkoli i omawiają obszary przedszkolnej nauki. Skupienie się na obszarach nauki odzwierciedla podstawowe fundamenty edukacji i prezentuje kompetencje jakie mają szansę nabyć dzieci w przedszkolu.

Krajowe wskazania programowe odnoszą się do różnych zainteresowanych stron w społeczności szkolnej poprzez politykę i ideologię aktywności przedszkolnych. Są one przewodnikiem dla gmin w lokalnej strategii rozwoju szkolnictwa, dla dyrektorów placówek i nauczycieli są elastycznymi ramami dla określenia sposobów osiągnięcia założonych celów edukacyjnych, dla rodziców dziecka są traktatem w imieniu dzieci na podstawie zintegrowanej wizji interesów dziecka, pozwalającym mieć punkt odniesienia dla kryteriów i wymagań jakie stawiane są ich pociechom w edukacji i wychowaniu. Przedszkola, aby osiągnąć wymienione cele, mogą podążać różnymi drogami z racji odmiennych filozofii pracy z uczniami w danej placówce i lokalnymi warunkami. Każda placówka posiada własne metody działania, które opisane są w programie nauczania danej instytucji oraz w planie pracy.

Przedszkole przeznaczone jest dla dzieci w wieku od 1 do 6-ciu lat. Jednakże zgodnie z obowiązującym prawem oświatowym w uzasadnionych przypadkach dziecko może zakończyć naukę w przedszkolu wcześniej lub później. Zasadniczo uczniowie przebywają w przedszkolu do lat sześciu. Artykuł 2. ustawy przedszkolnej omawia cele przedszkolnych aktywności.

Artykuł 2.

Cele.

Interes dziecka i jego dobro powinno być głównym celem przedszkolnych aktywności. Uczniom powinna być zapewniona opieka i edukacja, zaoferowane zdrowe i inspirujące środowisko do dorastania, a także bezpieczne warunki do zabawy i nauki. Należy przyczyniać się do tego, aby nauka odbywała się poprzez zabawę i zajęcia twórcze, dzięki którym dzieci uzyskują różnorodne korzyści rozwojowe. Procedury przedszkolne powinny być

ukształtowane w oparciu o tolerancję i miłość, równość, demokratyczną współpracę, odpowiedzialność, troskę, bezkonfliktowość, szacunek dla wartości ludzkich i chrześcijańskiego dziedzictwa kultury islandzkiej.

Głównymi celami wychowania i nauczania przedszkolnego są:

- a) Monitorowanie i zachęcanie dziecka do rozwoju w bliskiej współpracy z rodzicami.
- b) Zapewnienie systematycznej stymulacji językowej i przyczynianie się do naturalnego rozwoju języka.
- c) Zapewnienie dzieciom opieki psychicznej, intelektualnej i fizycznej w zależności od ich potrzeb, tak aby każde dziecko mogło w pełni korzystać z uroków dzieciństwa.
- d) Zachęcanie do otwartości umysłu i wzmocnienia wartości moralnych.
- e) Przykładanie dużego znaczenia do tego, aby dziecko było autonomiczną, niepodległą jednostką, aktywnym i odpowiedzialnym uczestnikiem demokratycznego społeczeństwa, które podlega szybkiemu i ciągłemu rozwojowi.
- f) Kulturowanie ekspresywnych i kreatywnych zdolności dzieci, których celem jest wzmocnienie poczucia własnej wartości, świadomości, zdrowia, zaufania i umiejętności komunikacyjnych.

Na podstawie celów stawianych edukacji przedszkolnej i szkolnej wyodrębniono podstawowe filary edukacyjne obowiązujące na wszystkich szczeblach nauczania:

- umiejętność czytania i pisanie,
- rozwój osobisty,
- zdrowie i opieka,
- demokracja i prawa człowieka,
- równość,
- kreatywność.

Edukacja, wychowanie i opieka przedszkolna oparte są na wymienionych wyżej fundamentach i są integralną częścią przedszkolnych aktywności.

Wszyscy pracownicy przedszkola muszą odnosić się do dziecka z szacunkiem, okazywać mu uwagę i słuchać go. Powinni oni dążyć do satysfakcjonujących relacji z dziećmi, innymi

pracownikami i rodzicami i być wzorami do naśladowania we wszystkich aspektach. Personel przedszkola powinien pracować w duchu *Krajowego rejestru programowego* i przystosować wartości w nim zawarte do programu nauczania danego przedszkola.

Rola dyrektora

